

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/622

2016/EES/52/30

frá 21. apríl 2016

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 31. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hinn 27. mars 2014 gaf vísindanefndin um öryggi neytenda út vísindalegt álit á kalíumhýdroxíði ⁽²⁾ þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að kalíumhýdroxíð, upp að hámarksstyrknum 1,5% miðað við þyngd, sé öruggt til notkunar til að mýkja eða fjarlægja sigg.
- 2) Vísindanefndin um öryggi neytenda komst einnig að þeirri niðurstöðu að örugg notkun snyrtivara, sem innihalda óbundið kalíumhýdroxíð í styrk frá 0,5% miðað við þyngd, sé háð ábyrgri áhættustjórnun með varnaðarorðum og ítarlegum notkunarleiðbeiningum.
- 3) Í kjölfar vísindalegs álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda telur framkvæmdastjórnin að kalíumhýdroxíð, upp að hámarksstyrk við notkun sem nemur 1,5% miðað við þyngd, ætti að teljast öruggt til notkunar til að mýkja eða fjarlægja sigg.
- 4) Í ljósi niðurstöðu vísindanefndarinnar um öryggi neytenda varðandi ábyrga áhættustjórnun, að því er tekur til vara sem innihalda óbundið kalíumhýdroxíð í styrk frá 0,5% miðað við þyngd, lítur framkvæmdastjórnin svo á að á snyrtivörum, sem innihalda kalíumhýdroxíð, til notkunar til að mýkja eða fjarlægja sigg ættu að vera varnarorð sem vísa í notkunarleiðbeiningar.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 106, 22.4.2016, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

⁽²⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda/1527/14, http://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_154.pdf

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. apríl 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslu 15a komi eftirfarandi færsla:

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnahætti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutur	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„15a	Kalíum- eða natriumhýdroxíð (*)	Potassium hydroxide/sodium hydroxide	1310-58-3/1310-73-2	215-181-3/215-185-5	a) Naglabandaleyrisir b) Væra til afliðunar c) Sýrustillir fyrir háreyðingarvörur d) Annars konar notkun sem sýrustillir	a) 5% (**)		a) Inniheldur basa Varist snertingu við augu Getur valdið blindu Geymist þar sem börn ná ekki til Inniheldur basa Varist snertingu við augu Getur valdið blindu Geymist þar sem börn ná ekki til Notkun í atvinnuskyni c) pH-gildi < 12,7 d) pH-gildi < 11“

(*) Að því er varðar aðra notkun kalíumhýdroxíðs, sjá færslu nr. 15d í III. viðauka.

(**) Magn natrium-, kalíum- eða lítíumhýdroxíðs er gefið upp sem þýngd natriumhýdroxíðs. Ef um blöndur er að ræða skal samanlagður styrkur ekki fara yfir mörkin í g-dálki.

2) Færsla 15d bætist við:

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna			Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnahetti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti imihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vöruegund, líkamshlutur	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	
a	b	c	d	e	f	g	i
„15d	Kalíumhýdroxíð (*)	Potassium hydroxide	1310-58-3	215-181-3	Væra til að mykja eða fjárlægja sigg	1,5 % (**)	Imniheldur basa Varist snertingu við augu Geymist þar sem börn ná ekki til Lesið notkunarléiðbeiningar vandlega“

(*) Að því er varðar aðra notkun kalíumhýdroxíðs, sjá færslu nr. 15a í III. viðauka.

(**) Magn natríum-, kalíum- eða lítíumhýdroxíðs er gefið upp sem þyngd natríumhýdroxíðs. Ef um blöndur er að ræða skal samanlagður styrkur ekki fara yfir mörkin í g-dálki.